

1862.

12. septembr.

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi.

Eptir þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar út af bænarskrá frá alþingi, er haldið var árið 1861, hefir hans háttign konungurinn 29. f. m. allramildilegast úrskurðað á þessa leið:

1. að þangaðtil öðruvísi verður ákveðið megi á ári hverju verja 600 ríkisdöllum úr hinum íslenska læknasjóði til kennslu í læknisfræði hjá landlækni í Reykjavík, og að kennsla þessi skuli vera fyrir þá menn, sem útskrifaðir eru úr hinum lærða skóla í Reykjavík.
2. að dómsmálastjórnin, eptir að hafa fengið um það efni álit hins konunglega heilbrigðisráðs, skuli hafa vald til að ákveða nákvæmar, hversu yfirgripsmikil kennsla sú skuli vera, sem hlutaðeigendur eigi að fá hjá landlækni.
3. að haldið skuli opinbert próf yfir þeim, er notið hafa kennslu þessarar, og skuli dómsmálastjórnin hafa vald til að skipa fyrir um prófið, eptir að hún er búin að semja um það efni við kirkju- og kennslustjórnina.
4. að þeir, sem staðizt hafa próf þetta, skuli hafa lækningaleyfi á Íslandi og geta orðið þar héraðslæknar.

Um leið og þetta er kunngjört yður, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, skal því við bætt, að samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. grein í konungsúrskurði þeim, sem að ofan er til færður, er farið að skrifast á við hið konunglega heilbrigðisráð um það, hve yfirgripsmikil kennslan eigi að vera hjá landlækni.

13. septembr.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

Í bréfi 31. júlím. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, hverjar ráðstafanir þér hafið gjört vegna þess, að kláðasýkin í vetur er leið hefir gjört vart við sig í fê á 3 bæj-

1862.

13. septembr.

um í Borgarfjarðarsýslu, og á nokkrum bæjum í Mosfellssveit og á Kjalarnesi í Kjósarsýslu, og í Rosmhvalaneshrepp í Gullbringu sýslu. Það sést og af skýrslu yðar, að þegar hún var samin var enginn fjárkláði í suðurumdæminu, þegar undan skilin er jörðin Elliðavatn og nokkrir bæir í Rosmhvalanes hrepp, og var þó sýkin í rennun á bæjum þessum eptir að búið var að baða fè þar. Í sambandi við þetta hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 24. f. m. skýrt frá, að ástandið sè enn hið sama og jafnvel betra en það hafi verið, þá er þér senduð skýrslu yðar þá, sem að ofan er getið.

Eptir þessari lýsing yðar á ástandinu virðist reyndar ekki vera nein slík yfirvofandi hættu á ferðum, er gjöri óvanalegar ráðstafanir nauðsynlegar. En samt sem áður verður dómsmálastjórnin að skora á yður, að hafa framvegis vakandi auga á sýkinni, og gjöra þær ráðstafanir, sem þér, eptir því hvernig ástatt er, teljið nauðsynlegar eður hagkvæmar til þess, að suðurumdæmið geti orðið með öllu laust við sýki þessa. Einkum skal skorað á yður, að þér nú í haust látið vandlega skoða sauðfè hvervetna í Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Borgarfjarðar sýslu, svo og í Árnes sýslu, ef álitid yrdi, að það mundi þurfa til að geta komizt að fullri vissu um heilbrigðisástand fjárisins, og til þess, að þar eptir verði gjörðar þær ráðstafanir, sem þörf kynni vera á; verður stjórnarráðið að álíta hagfelld, að prentaðar sèu í blöðum þeim, er koma út á Íslandi, opinberar skýrslur um árangurinn af skoðunum þessum og af þeim fjárskoðunum, sem þér síðar kynnuð láta fram fara, og eruð þér beðnir að gjöra þær ráðstafanir, er með þarf í þessu efni.

Að endingu vonast stjórnarráðið eptir, að þér framvegis jafnaðarlega sendið hingað skýrslu um, hvernig ástatt er og hverjar ráðstafanir þér gjörði í máli þessu.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins 24. októberm. yfir Íslandi, um uppgjöf á sekt fyrir brot gegn verzlunarlögum.

Í bænarskrá, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra